

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um afdrif tillögu um að börn í grunnskólum komi að mótun matseðla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 7. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Þann 7. september 2021 var lögð fram tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands í borgarstjórn um eins árs tilraunverkefni þar sem börn í grunnskólum Reykjavíkurborgar komi að mótun matseðla í skólum sínum. Ýmislegt fleira var í þessari tillögu sem miðar að því að raddir barna komi að skipulagningu matmálstímans. Málinu var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs. Ráðið tók þetta fyrir á fundi sínum 28. september 2021 og vísaði tillögunni í starfshóp um innleiðingu á matarstefnu borgarinnar. Hver er staðan á málinu? Er starfshópurinn byrjaður að vinna í tillögunni og hvenær má búast við því að meðferð þess klárast?

Svar:

Skóla- og frístundasvið sendi stýrihópi um innleiðingu matarstefnu Reykjavíkurborgar bréf, dags. 6. október 2021, þar sem umræddri tillögu var vísað til stýrihóps um innleiðingu matarstefnu Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt upplýsingum 1. desember 2022 frá fyrrum formanni stýrihópsins tókst ekki að klára endurskoðun aðgerðaáætlunar fyrir borgarstjórnarkosningar vorið 2022. Ekki hefur enn verið skipað í stýrihópinn að nýju eftir kosningar.